

Leikföng

Barnaleikir á fyrri tíð varðveittust í munnlegri geymd og kynslóðir lærðu þá hver fram af annarri. Leikföng voru fábrotin og notast var við það sem til féll. Íslensk leikföng frá 19. öld eru sjaldséð. Útskorinn hani á hjólum, ættaður frá Eskifirði er mikið fágæti og góður viðauki við safnkostinn. Talsvert er til af taflmönnum og kotrutölum og svolítið bættist við það sem fyrir var af slíku. Fullorðið fólk hefur teflt sér til dægrastyttingar og mörkin óskýr hvort taflmenn teljist til leikfanga. Leikir barnanna eru eins konar spegilmynd af veröld hinna fullorðnu. Það er því eðlilegt, að búleikir væru algengir til sveita þar sem búsmalinn var gerður úr beinum og hornum. Eitthvað var það mismunandi hvaða bein voru höfð fyrir hvaða skepnur. Horn og leggir komu frá Nordiska museet en algengt var að hornin væru kindur og leggir hestar. Skemmtilegar eru beinvölurnar sex úr lambi og ein úr stórgrip. Nokkrar gestaþrautir eru meðal gripanna en þær eru ónotaðar.¹

Lilja Árnadóttir

¹ Símon Jón Jóhannsson, Bryndís Sverrisdóttir. *Bernskan Líf, leikir og störf íslenskra barna fyrr og nú*. Rv. 1990.